

Ár 2018, mánudaginn 16. apríl, er dómþing Dómstóls Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara að Síðumúla 13, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 4/2018.

Kraftlyftingadeild Harðar.

gegn

Kraftlyftingafélagi Reykjavíkur.

Gögn málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Dómkröfur.

Málið var höfðað með kæru móttékinni af skrifstofu ÍSÍ þann 12. apríl sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins.

Kröfur kæranda: Kærandi krefst þess að Íslandsmótið í klassískri bekkpressu sem haldið var þann 17. mars sl. verði dæmt ógilt.

II.

Forsendur og niðurstöður.

Í gr. 20.2 í lögum ÍSÍ segir m.a.: „*Dómstóll ÍSÍ er fyrsta dómstig i málum sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar, nema viðkomandi sérsamband hafi sérstakan dómstól sbr. 1. mgr.*“

Í VIII. Kafla Reglugerðar Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um kraftlyftingakeppni, segir í 32. gr.: „*Peir sem verða varir við brot á þessum reglum geta komið skriflegum ábendingum þar um sem fyrst til stjórnar KRAFT. Tekið er við ábendingum frá aðildarfélögum, dómurum og stjórnarmönnum KRAFT.*

Brot á þessum reglum heyra undir valdsvið aganefndar KRAFT nema annað sé tekið fram í reglunum.“

Kraftlyftingafélag Reykjavíkur var framkvæmdaraðili Íslandsmótsins 2018.

Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum reglugerðar KRAFT skal beina ábendingum/kærum til stjórnar KRAFT, sem vísar ágreiningi til aganefndar KRAFT.

Dómstóll ÍSÍ hefur áður úrskurðað í máli þessu þar sem málinu var vísað frá dómstólnum með úrskurði sem kveðinn var upp þann 11. apríl sl. Svo sem kæranda er heimilt með vísan til gr. 24.3 í lögum ÍSÍ getur kærandi skotið máli sem hefur verið vísað frá dómstól ÍSÍ aftur til dómsins, sem kærandi gerði í þessu tilviki.

Af gefnu tilefni óskaði dómari máls þessa eftir skriflegri staðfestingu frá stjórn KRAFTS um hvort kærandi hefði sent kæru til stjórnar KRAFTS og/eða aganefndar KRAFTS vegna sama tilviks og mál þetta fjallar um.

Svar form. KRAFST hljóðar svo: “*Ég staðfesti að þann 20. mars sl. barst þáverandi formanni aganefndar KRAFT 4 kærur frá Kraftlyftingadeild Harðar sem Þorbergur Guðmundsson er í forsvari fyrir. Formaðurinn þáverandi sendi stjórn KRAFT kærurnar samdægurs. Stjórn KRAFTS sendi nýjum formanni aganefndar kærurnar með tölvupósti þann 10. apríl sl.*

Ég ætla að framsenda þér þessar fjórar kærur sem um ræðir í næstu tölvupóstum svo ekki fari á milli mála að um sömu tilvik sé að ræða og hafa komið til kasta dómstóls ÍSÍ“

Í máli þessu er því um að ræða kæru sem þegar hefur verið send til stjórnar KRAFTS sem hefur vísað kærunni til Aganefndar KRAFTS til meðferðar samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum reglugerðar KRAFTS um kraftlyftingarkeppni.

Með vísan til ákvæða gr. 20.2 í lögum ÍSÍ sbr. ákvæði 32. gr. reglugerðar KRAFT um málsmeðferð ágreiningsmála innan KRAFT heyrir mál þetta undir ofangreinda aganefnd og er þar til meðferðar og ber því að vísa máli þessu frá dómstól ÍSÍ.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur úrskurður:

III.
Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Aðilar hafa rétt til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ í eina viku frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur var upp kveðinn, sjá grein 33 í lögum ÍSÍ,

Dómþingi slitið.


Sigurður I. Halldórsson.

Ár 2018, mánudaginn 16. apríl, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara að Síðumúla 13, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 5/2018.

Kraftlyftingadeild Harðar.

gegn

Kraftlyftingafélagi Reykjavíkur.

Gögn málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Dómkröfur.

Málið var höfðað með kæru móttékinni af skrifstofu ÍSÍ þann 12. apríl sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins.

Kröfur kæranda: Kærandi krefst þess að Íslandsmótið í klassískum kraftlyftingum sem haldið var þann 18. mars sl. verði dæmt ógilt.

II.

Forsendur og niðurstöður.

Í gr. 20.2 í lögum ÍSÍ segir m.a.: „*Dómstóll ÍSÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar, nema viðkomandi sérsamband hafi sérstakan dómstól sbr. 1. mgr.*“

Í VIII. Kafla Reglugerðar Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um kraftlyftingakeppni, segir í 32. gr.: „*Peir sem verða varir við brot á þessum reglum geta komið skriflegum ábendingum þar um sem fyrst til stjórnar KRAFT. Tekið er við ábendingum frá aðildarfélögum, dómurum og stjórnarmönnum KRAFT.*

Brot á þessum reglum heyra undir valdsvið aganefndar KRAFT nema annað sé tekið fram í reglunum.“

Kraftlyftingafélag Reykjavíkur var framkvæmdaraðili Íslandsmótsins 2018.

Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum reglugerðar KRAFT skal beina ábendingum/kærum til stjórnar KRAFT, sem vísar ágreiningi til aganefndar KRAFT.

Dómstóll ÍSÍ hefur áður úrskurðað í máli þessu þar sem málinu var vísað frá dómstólnum með úrskurði sem kveðinn var upp þann 11. apríl sl. Svo sem kæranda er heimilt með vísan til gr. 24.3 í lögum ÍSÍ getur kærandi skotið máli sem hefur verið vísað frá dómstól ÍSÍ aftur til dómsins, sem kærandi gerði í þessu tilviki.

Af gefnu tilefni óskaði dómari máls þessa eftir skriflegri staðfestingu frá stjórn KRAFTS um hvort kærandi hefði sent kæru til stjórnar KRAFTS og/eða aganefndar KRAFTS vegna sama tilviks og mál þetta fjallar um.

Svar form. KRAFST hljóðar svo: “*Ég staðfesti að þann 20. mars sl. barst þáverandi formanni aganefndar KRAFT 4 kærur frá Kraftlyftingadeild Harðar sem Þorbergur Guðmundsson er í forsvari fyrir. Formaðurinn þáverandi sendi stjórn KRAFT kærurnar samdægurs. Stjórn KRAFTS sendi nýjum formanni aganefndar kærurnar með tölvupósti þann 10. apríl sl.*

Ég ætla að framsenda þér þessar fjórar kærur sem um ræðir í næstu tölvupóstum svo ekki fari á milli mála að um sömu tilvik sé að ræða og hafa komið til kasta dómstóls ÍSÍ“

Í máli þessu er því um að ræða kæru sem þegar hefur verið send til stjórnar KRAFTS sem hefur vísað kærunni til Aganefndar KRAFTS til meðferðar samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum reglugerðar KRAFTS um kraftlyftingarkeppni.

Með vísan til ákvæða gr. 20.2 í lögum ÍSÍ sbr. ákvæði 32. gr. reglugerðar KRAFT um málsmeðferð ágreiningsmála innan KRAFT heyrir mál þetta undir ofangreinda aganefnd og er þar til meðferðar og ber því að vísa máli þessu frá dómstól ÍSÍ.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur úrskurður:

III. Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Aðilar hafa rétt til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ í eina viku frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur var upp kveðinn, sjá grein 33 í lögum ÍSÍ,

Dómþingi slitið.

Sigurður I. Halldórsson.



Ár 2018, miðvikudaginn 16. apríl, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara að Síðumúla 13, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 6/2018.

Kraftlyftingadeild Harðar.

gegn

Kraftlyftingafélagi Reykjavíkur.

Gögn málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Dómkröfur.

Málið var höfðað með kæru móttékinni af skrifstofu ÍSÍ þann 12. apríl sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins.

Kröfur kæranda: Kærandi krefst þess að Íslandsmótið í klassískum kraftlyftingum sem haldið var þann 18. mars sl. verði tekið fyrir samkvæmt reglum aganefndar.

II.

Forsendur og niðurstöður.

Í gr. 20.2 í lögum ÍSÍ segir m.a.: „*Dómstóll ÍSÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar, nema viðkomandi sérsamband hafi sérstakan dómstól sbr. 1. mgr.*“

Í VIII. Kafla Reglugerðar Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um kraftlyftingakeppni, segir í 32. gr.: „*Peir sem verða varir við brot á þessum reglum geta komið skriflegum ábendingum þar um sem fyrst til stjórnar KRAFT. Tekið er við ábendingum frá aðildarfélögum, dómurum og stjórnarmönnum KRAFT.*

Brot á þessum reglum heyra undir valdsvið aganefndar KRAFT nema annað sé tekið fram í reglunum.“

Kraftlyftingafélag Reykjavíkur var framkvæmdaraðili Íslandsmótsins 2018.

Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum reglugerðar KRAFT skal beina ábendingum/kærum til stjórnar KRAFT, sem vísar ágreiningi til aganefndar KRAFT.

Dómstóll ÍSÍ hefur áður úrskurðað í máli þessu þar sem málinu var vísað frá dómstólnum með úrskurði sem kveðinn var upp þann 11. apríl sl. Svo sem kæranda er heimilt með vísan til gr. 24.3 í lögum ÍSÍ getur kærandi skotið máli sem hefur verið vísað frá dómstól ÍSÍ aftur til dómsins, sem kærandi gerði í þessu tilviki.

Af gefnu tilefni óskaði dómari málss þessa eftir skriflegri staðfestingu frá stjórn KRAFTS um hvort kærandi hefði sent kæru til stjórnar KRAFTS og/eða aganefndar KRAFTS vegna sama tilviks og mál þetta fjallar um.

Svar form. KRAFST hljóðar svo: “*Ég staðfesti að þann 20. mars sl. barst þáverandi formanni aganefndar KRAFT 4 kærur frá Kraftlyftingadeild Harðar sem Þorbergur Guðmundsson er í forsvari fyrir. Formaðurinn þáverandi sendi stjórn KRAFT kærurnar samdægurs. Stjórn KRAFTS sendi nýjum formanni aganefndar kærurnar með tölvupósti þann 10. apríl sl.*

Ég ætla að framsenda þér þessar fjórar kærur sem um ræðir í næstu tölvupóstum svo ekki fari á milli mála að um sömu tilvik sé að ræða og hafa komið til kasta dómstóls ÍSÍ“

Í máli þessu er því um að ræða kæru sem þegar hefur verið send til stjórnar KRAFTS sem hefur vísað kærunni til Aganefndar KRAFTS til meðferðar samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum reglugerðar KRAFTS um kraftlyftingarkeppni.

Með vísan til ákvæða gr. 20.2 í lögum ÍSÍ sbr. ákvæði 32. gr. reglugerðar KRAFT um málsmeðferð ágreiningsmála innan KRAFT heyrir mál þetta undir ofangreinda aganefnd og er þar til meðferðar og ber því að vísa máli þessu frá dómstól ÍSÍ.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur úrskurður:

III.
Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Aðilar hafa rétt til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ í eina viku frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur var upp kveðinn, sjá grein 33 í lögum ÍSÍ,

Dómþingi slitið.

Sigurður I. Halldórsson.

